



Skráning á teikningum

**Páll Ingólfsson
Helga B. Sveinbjörnsdóttir**

Greinargerð PI-HBS-95/01

Skráning á teikningum

1. Forsaga

Á Orkustofnun hefur verið litið svo á frá stofnun hennar að myndir og teikningar væru sjálfstæð gögn eða einingar sem þurfi að skrá og varðveita sérstaklega. Myndir þurfa því að vera skráðar og hægt þarf að vera að ganga að þeim í frumriti, því algengt er að óskað er eftir að fá að endurbirta eða fá eintak af hinnum ýmsu myndum, bæði innan stofnunar og utan.

Allar myndir sem teiknaðar eru á teiknistofnunni eru skráðar með sérstöku skráningarnúmeri samkvæmt kerfi sem komið var á strax í upphafi. Lengi vel voru allar myndir handteiknaðar og hafa þær jafnframt verið skráðar inn í frumritabækur. Auk þess hafa upplýsingar um allar skráðar myndir verið færðar inn í sérstaka gagnaskrá á Oracle gagnagrunni, og er hægt að leita eftir myndum þar.

Á síðustu árum hefur stöðugt farið vaxandi að myndir væru teiknaðar í tölvu, ýmist sem myndir sem eru tölvuunnar beint sem hluti af textaskrá eða sérteiknaðar myndir, sem síðan eru ýmist skrifaðar út úr sérskrám ásamt textaskrá eða skrifaðar út sér og skeytt inn í texta við lokafrágang handrits.

Þessar sérteiknuðu tölvumyndir hafa að verulegum hluta en ekki að öllu leyti verið skráðar samkvæmt skráningarkerfi teiknistofu, þannig hafa verið látið nægja að hafa myndir teiknaðar í Oracle skráðar sem slíkar. Hefur þetta ýmist verið á þann veg að höfundar mynda hafa fengið númer á teiknistofu eða skráningin hefur farið fram þegar myndirnar koma til útgáfu ásamt texta.

2. Tillaga

Í framtíðinni má gera ráð fyrir að flestar myndir verði teiknaðar í tölvu og þarf því að taka afstöðu til þess hvernig megi gera þær aðgengilegar fyrir alla sem þurfa að notfæra sér þær. Við teljum að nauðsynlegt sé að hafa sameiginlega teikningaskrá í framhaldi þeirrar sem gilt hefur hingað til og er varðveitt á teiknistofu og skráð í Oracle gagnagrunni, en breytingar gerðar í samræmi við breytt viðhorf. Í þann skráningargrunn sem teiknistofan hefur notað hingað til eru eftirfarandi atriði færð: Frumritanúmer - stærð - fangamark teiknara - deild - undirdeild - hrepps- eða vatnasviðsnúmer - fangamark höfundar - heiti teikningar. Nú yrði skráning byggð á:

1. Frumritanúmeri (ár-(mánuður) - hlaupandi númer frá áramótum).
2. Hrepps- eða vatnasviðsnúmer (JHD eða VOD).
3. Upplýsingum um teikniforrit og nafn teikniskrár á tölvu.
4. Fangamarki höfundar.
5. Heiti teikningar.

Teikningar hafa verið merktar þannig:

Á eftir OS-merki - JHD JEL 6000 ÓGF (efri lína) - 95.10.0245 ÓGF (neðri lína), en verði nú merktar: Á eftir OS-merki - ORKUSTOFNUN (efri lína) - 95.10.0245 ÓGF (neðri lína), eða aðeins: OS-merki - 95.10.0245 ÓGF - í þeim tilfellum að þær eigi að birtast í tímaritum, íslenskum eða erlendum þar sem hætta er á stærri merkingin yrði tekin út af myndinni eins og oft hefur gerst og valdið hefur óþægindum.

Þegar höfundur hefur lokið við teikningu á hann að skrá hana inn í gagnaskrá teiknistofu með því að fylla út skráningarkerfið, og þá fær hann frumritanúmer hjá teiknistofu eða útgáfu sem hann setur inn á teikninguna í stöðluðu formi. Eftir að teikningin er komin inn í gagnaskrána má höfundur ekki breyta henni né eyða nema láta teiknistofu eða útgáfu vita.

Af þessum teikningum getur fólk fengið kópíur en þeim verður ekki breytt nema gegn um teiknistofu eða útgáfu.

Mikill hluti teikninga yrði þannig geymdur á tölvu en ekki í teikningageymslu eins og hingað til. Æskilegt er þó að afrit af sem flestum teikningum verði í teikningageymslum eins og fyrr.